

2. fundur vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna haldinn í Aratungu 10.11. 2022 kl. 18:00-19:30

Mættir voru: Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviði SASS, Brynja Hjálmtýsdóttir frá Háskólafélagi Suðurlands, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu og 6 fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra

Bláskógabyggð

Steindóra Þorleifsdóttir formaður atvinnu- og ferðamálanefndar
(Sölvi Arnarson forfallaðist)

Hrunamannahreppur

Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir
Nina Faryna

(Herbert Hauksson formaður Atvinnu- og ferðamálanefndar forfallaðist)

Grímsnes- og Grafningshreppur

Anna Katarzyna Woznicka formaður atvinnu- og menningarnefndar
Anna María Daníelsdóttir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

(Árni Már Einarsson, formaður atvinnumálanefndar fjarverandi)

Dagskrá

1. Afrakstur atvinnumálaþings.
Opið atvinnumálaþing „Uppsveitir 2040“ var haldið 6. október og töluvert magn af gagnlegum niðurstöðum frá því liggja fyrir sem unnið verður með áfram.
2. Fyrirhuguð íbúakönnun.
Næsta skref í vinnunni er að leggja fyrir íbúakönnun svo allir íbúar hafi tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi atvinnumálastefnu Uppsveitanna. Umræður fóru fram um framkvæmd, aðferðafræði, spurningar, tungumál og dreifingu. Fyrir fundinum lá tillaga að spurningum sem rýnt var í, þeim breytt nokkuð, bætt við og annað tekið út. Niðurstaðan varð sú að fundarmenn fengju síðan umhugsunarfrest til að koma með frekari athugasemdir við spurningarnar og gætu komið með hugmyndir.
3. Umræður um atvinnumálastefnu og næstu skref.
Íbúakönnunin verður kynnt á vefsíðum sveitarfélaganna fjögurra og íbúar hvattir til að taka þátt. Leitast verði við að ná til sem flestra aldurshópa eftir öllum mögulegum leiðum t.d. í gegnum ungmennaráð og eldri borgarafélög. Þátttaka fyrirtækjæigenda á svæðinu er einnig mikilvæg.

ÁÁ